


LTG 171 – Lestur til gagns

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs



Nafn skóla: Flensborgarskóli
Nafn verkefnisins: LTG – Lestur til gagns
Nafn verkefnisstjóra: Freyja Auðunsdóttir
Númer umsóknar: UMS-210

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmiðið með verkefninu er að efla með nemendum færni við að notfæra sér mismunandi lestrarlag og tækni. Nemendur læra viðurkennda tækni til að auka leshraða, þjálfar leitarlestur og áheyrilegan upplestur. Auk þess er rík áhersla lögð á að nemendur læri afla sér upplýsinga úr öllum áttum um tiltekið efni, greini þær og meti. Um er að ræða þrjúþætt verkefni. Í fyrsta þætti er leitað að nemendum sem þurfa á aðstoð að halda. Þeim verður boðið upp á þriggja vikna námskeið fyrir nemendur til að verða enn betri í lestri og hæfari í upplýsingalæsi. Þetta námskeið verður haldið í samvinnu við námsráðgjafa. Það verður hluti af svokölluðum heimanámstímum. Í öðru lagi er rík áhersla lögð á að nemendur læri afla sér upplýsinga úr öllum áttum um tiltekið efni, greini þær og meti. Þessu verður fléttað inn í áfanga þar sem unnið verður með leiðbeiningar um það hvernig efla megji læsi innan námsgreina og vinna með texta og upplýsingar (informational texts). Í þriðja lagi verður þeim kennurum, sem sjá um heimanámstímanna boðið upp á námskeið um árangursríkt læsi og þær aðferðir sem nemendur munu kynnst í lestrarpjálfuninni.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Nemendum í HMN (heimanámi) var boðið upp á þriggja vikna lestrarnámskeið (12 klst.) á haustönn. Stærsti hluti hópsins þáði það enda búið að auglýsa í hverjum hópi fyrir sig hver mögulegur ávinningur af slíku námi sé. Kennararnir sem komu að verkefninu og þáverandi lestrarráðgjafi skólans, Þórunn Andrésdóttir, funduðu og veltu fyrir sér hvers konar lestrarnám væri gagnlegast fyrir nemendur Flenborgarskólans. Niðurstaðan var að horfa mest til þeirra sem hafa ekki stuðning t.d. að heiman, eru ekki með greiningar og þurfa að leggja mikið á sig við námið. Rökin voru m.a. þau að þeir sem eru með greiningar eru í stuðningsferlum. Svo er hópur á gráu svæði sem ekki er með greiningar en þarf stuðning. Það var mat kennaranna að nokkuð væri um hæglæsa nemendur, sem þó ættu ekki endilega við lestrarerfiðleika að stríða. Þessi hópur á erfitt uppdráttar, að mati kennaranna. Tekið skal fram að þetta var ekki mælt sérstaklega en kann að vera rétt að gera slíkt.

Kennararnir og lestrarráðgjafinn voru sammála um að umrædda nemendur skorti æfingu og þyrftu að uppfæra lestrartæknina. Auk þess kvarti nemendur yfir miklu lesefni og hraðri yfirferð þegar komið er í framhaldsskóla. Niðurstaðan varð því sú að bjóða upp á hraðlestrarnámskeið.

Verkefnastjórinn skipulagði hvern tíma þannig að fram fór stutt glærusýning sem fjallaði um hollráð við lestur, lestrartækni og ýmsar upphitunar- og tækniæfingar. Á námskeiðinu var lögð áhersla á líkamsbeitingu og aðstæður til að lesa, mismunandi lestraraðferðir, lestur í daglegu lífi, að lesa af skjá, tónlist og lestur, að skima texta og glósutækni svo eitthvað sé nefnt. Svo tóku við æfingar á æfingar ofan með tilheyrandi tímatöku. Notast var við námsbók sem heitir *Lestu betur* og árangurinn skráður í hverjum tíma.

Námskeiðið mæltist vel fyrir svo ákveðið að var að bjóða upp á fleiri slík eftir áramót en þá fyrir alla nemendur sem hefðu áhuga og rými í töflu. Skráning fór fram úr björtustu vonum. Um 170 nemendur sóttu um en þá höfðu þegar um 30 nemendur lokið námskeiðinu. Því miður gátu ekki nema um 40 nemendur nýtt sér tilboðið að þessu sinni. Auk þess var haldið 6 klukkustunda hraðlestrarnámskeið fyrir starfsfólk í mars. 15 manns sóttu námskeiðið, úr hópi kennara, stuðningsfulltrúa og námsráðgjafa.

Þá hélt verkefnisstjóri fræðsluerindi fyrir starfsfólk þann 10. mars um LTG. Þar var fjallað um markmiðin með verkefninu, framkvæmd og árangur og hvernig mætti flétta lestrarkennsluna og -tæknina inn í nám í öllum fögum.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Í stað þess að leggja áherslu á „að nemendur læri afla sér upplýsinga úr öllum áttum um tiltekið efni, greini þær og meti“ og „þjálfva áheyrilegan upplestur“ eins og stóð til að gera var ákveðið að að einskorða námskeiðið að mestu leyti við hraðlestrartækni af ástæðum sem tilgreindar er hér að ofan. Upphaflega átti einnig að bjóða námskeiðið eingöngu þeim sem hefðu HMN í töflu en fljótlega varð ljóst að markhópurinn ætti að vera mun stærri. Því var brugðið á það ráð að auglýsa námskeiðið fyrir alla nemendur í skólanum og vinsa úr þá sem hefðu pláss í stundatöflu.

Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Það fór nokkur tími í að finna námskeiðinu stað í svokallaðri stokkatöflu. Það er verkefni sem bíður enn lausnar. Það væri óskandi að fleiri hefðu haft kost á því að sækja námskeiðið því eftirspurnin var mikil. Það var mat okkar kennaranna sem héldum námskeiðið að það eigi síður erindi við nýnema. Þeir sem voru á öðru ári voru mun opnari fyrir því sem fram fór og tileinkuðu sér strax þá tækni sem kennd var. Auk þess gefur augaleið að hóparnir mega ekki vera mjög stórir því þá tapar kennarinn yfirsýn og kennslan verður síður en svo einstaklingsmiðuð.

Það er ekki um auðugan garð að gresja þegar kemur að því að finna kennsluefni við hæfi. Hins vegar gerði verkefnistjóri sér grein fyrir að það væri of viðamikið verk að ráðast í gerð kennsluefnis. Í stað þess að finna upp hjólið var, eins og áður segir, notast við *Lestu betur*. Textarnir í þeirri námsbók féllu misvel í kramið hjá nemendum en bókin var notuð sem grunnur ef svo má að orði komast því auk hennar höfðu nemendur val um að æfa sig á skáldsögu eða námsbók.

Rannsóknir á lestrarkennslu eða lestri almennt í framhaldsskólum á Íslandi eru einnig af skornum skammti. Mikið hefur hins vegar verið rætt og ritað um byrjendalæsi. Þeir sem að verkefninu stóðu þurftu því að kafa djúpt til að viðá að sér viðeigandi efni.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Í lok hvers námskeiðs var lagt mat fyrir nemendur. Þar kom skýrt fram að langflestir töldu sig hafa bætt sig svo um munar. Umsagnir nemenda voru afar jákvæðar svo ekki sé kveðið fastar að orði. Námskeiðsmatið helst í hendur við ferilblöð nemendanna. Eins og fram hefur komið skráðu nemendur árangurinn (orð á mínútu (OÁM) og lesskilning) eftir hverja tímatöku. Þó að meðaltalið segi ekki alla söguna má nefna að í upphafi námskeiðs lásu nemendur 147 OÁM en í lok þess var leshraðinn 435 OÁM að meðaltali. Algengt var að nemendur þrefölduðu leshraðann en svo voru dæmi um að nemendur sexfölduðu hann og einn nemandi las níu sinnum hraðar í lok námskeiðsins.

Það var ánægjulegt að fylgjast með nemendum taka stórstígum framförum, sérstaklega þeim sem höfðu litla trú á því í upphafi að þeir gætu náð betri tókum á lestrinum, m.a. nemendur með dyslexíu.

Það er verkefnisstjóra fullljóst að hér var ekki verið að finna upp hjólið. En með þessu verkefni var verið bregðast við því sem oft er orðað sem svo: „Það les enginn heima... Þessir krakkar eru alveg hættir að lesa“ o.s.frv. Þeir sem að verkefninu komu veltu fyrir sér hvers vegna nemendur veigri sér við að lesa textana í námsbókunum eða skáldsögur og láti heldur „glærupakkann“ duga. Fyrir því eru eflaust ýmsar ástæður en ein af þeim er sú að nemendum vex í augum að komast yfir það lesefni sem þeim er ætlað í framhaldsskóla. Til þess að kröfurnar sem gerðar eru til nemenda séu raunhæfar er mikilvægt að þeir hafi réttu

verkfærin í höndunum, þ.e. að þeim séu kennd vinnubrögð og tækni sem geri þá að betri lesurum. Oftar en ekki er slík kennsla eingöngu ætluð þeim sem verst standa en það hefur sýnt sig í þessu verkefni að þörfin er víðar. Það má annarsvegjar sjá á þeirri eftirspurn sem skapaðist eftir að námskeiðið hafði verið kynnt fyrir nemendum og hinsvegjar árangrinum eða öllu heldur framförum hvers og eins. Það er engum blöðum um það að fletta að það geta allir bætt sig í lestri en það átta sig ekki allir á að námi í lestri lýkur aldrei.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn: Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólstarfið í heild?

Auk þess sem að ofan er rakið má geta um eftirfarandi:

- 📖 Sú kenning, sem stjórnendur hafa haldið á lofti, um mikilvægi þess að vinna með læsi framhaldsskólanemenda, hefur verið sönnuð.
- 📖 Spurningar hafa vaknað með fleiri þætti námsins, s.s. námstækni og verklag allt.
- 📖 Ljóst er að LTG verður þróað áfram ekki síst í tengslum við umsjónarkerfið/lífsleiknina, sem nú kallast HÁMark.
- 📖 Þá er ljóst að vinna þarf með viðhorf kennara og nemenda, en kannski ekki síst bakland nemenda. Lestur og læsi eru nánast eins órofa hluti náms eins og það að spila skala í tónlistarnámi.
- 📖 Í ljós kom, eftir fyrri umferð (haustönn 2014), að það var ekki einvörðungu augljós þörf heldur líka miklu meiri eftirspurn en okkur hafði órað fyrir.

Niðurstöður verkefnisins

Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins

- 📖 Mælingar á leshraða þátttakenda renndu stoðum undir grun verkefnisstjóra um að stór hluti nemenda sé hæglæs.
- 📖 Í ljós kom að eftirspurn var eftir hraðlestrarnámskeiði.
- 📖 Nemendur í LTG tóku framförum og töldu námskeiðið hagnýtt.
- 📖 Með verkefninu hefur verið leitt í ljós að stærri hluti nemenda en talið var áður þarf á slíku úrræði að halda.
- 📖 Algengt var að nemendur þrefölduð lestrarhraðann á þremur vikum og bættu sig í lesskilningi.
- 📖 Það er nauðsynlegt að halda lestrarkennslu áfram því námi í lestri lýkur aldrei.

Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?

Markmiðinu að efla með nemendum færni við að notfæra sér mismunandi lestrarlag og tækni var náð, þ.e.a.s. þeir sem sóttu námskeiðið. Þeir lærðu viðurkennda tækni til að auka leshraða og þjálfar leitarlestur.

Það tók nokkurn tíma að skilgreina þann hóp sem þyrfti á aðstoð að halda og finna hentugan tíma í töflu. Þegar öllu var á botninn hvolft kom í ljós að nám sem þetta er hagnýtt fyrir alla nemendur skólans og þá var leitast við að bjóða sem flestum upp á námskeiðið *Lestur til gagns*.

Öllum kennurum (ekki eingöngu heimanámskennurum) var boðið á fræðslufund þar sem fjallað var um þær aðferðir sem nemendur kynntust í lestraþjálfuninni. Auk þess var haldið tveggja vikna námskeið fyrir starfsfólk. Það er líklegra að aðferðirnar sem nemendur læra í áfanganum nýtist þeim í öðrum áföngum ef kennarinn hefur kynnst þeim sjálfur eða hefur fræðst um hvaða tækni nemendur hafa á valdi sínu.

Nú þarf að finna lestrarnáminu farveg innan skólans. Deilt er um hvort það eigi að kenna lestur sem sérstakt fag eða hvort slíka kennslu eigi að flétta inn í öll fög. Það er skoðun verkefnisstjóra að hvort tveggja sé nauðsynlegt. Nemendur vilja fá umrædd verkfæri í hendur en til þess að þau gagnist nemendum verða þeir að læra að beita þeim í öllum fögum.


Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?

Til stendur að LTG verði hluti af áfanga sem kallast *Hámark*. Það er áfangi í þróun, styrktur af Sprotasjóði þannig að hægt er að halda áfram með þetta verkefni. LTG verður fléttað þar inn á grundvelli eftirspurnar en einnig verða nemendur leitaðir uppi sem kynnu að hafa gott af þessu. Raunar má ætla að allir hefðu gott af slíkum undirbúningi, þó að vísu með þeim fyrirvara að í einhverjum tilvikum hafa nemendur fengið kost á slíku námi í grunnskóla en það er tilviljanakennt.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Afraksturinn hefur þegar verið kynntur innan skólans og til stendur að fræða enn fleiri kennara um árangursríkt læsi, m.a. hópinn sem kemur til með kenna *Hámark*. Þá fá allir nemendur skólans tækifæri til að kynna aðferðum og tækni til að bæta lestrarkunnáttuna. Ljóst má vera að verkefnið vakti mikla athygli og sýndi fram á þörf sem grunur lék á að væri til staðar. Mjög líklegt er að það sama gildi um mun fleiri framhaldsskóla.

3. júní 2015


Freyja Auðunsdóttir, verkefnisstjóri


Magnús Þorkelsson, skólameistari Flensborgarskólans

